

#### **4. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar**

Fjórði fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar var haldinn þann 28. maí 2024 kl. 9:00 í Skálholtsskóla, Skálholtsstað, Bláskógabyggð.

Mætt voru stjórnarmennirnir Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Einar Már Sigurðarson, Arna Grétarsdóttir, Þuríður Björg Wium Árnadóttir en Árni Helgason hafði boðað forföll. Auk þess voru mættir Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóra rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar og Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuþings, sem ritaði fundargerð í forföllum Eiríks Guðlaugssonar, lögmanns á rekstrarstofu.

Stjórnin hafði fyrir fundinn skoðað helstu framkvæmdir sem hafa átt sér stað undanfarið í Skálholti, þ.e. við Skálholtsdómkirkju innandyra, í kjallara þjónustuhúss staðarins svo og í fyrrum prestbústað. Stjórnin átti að því búnu fund með stjórn og helsta starfsfólki Skálholtsstaðar milli kl 10 og 11. Rætt var um ársskýrslu stjórnar Skálholts fyrir árið 2023 og ýmis málefni staðarins.

##### **1. Stöðuyfirlit framkvæmdastjóra**

- a. Prestbústaðurinn Sunnuvegi 6, Þórshöfn
  - i. Kostnaðarsamra endurbóta er þörf. Aðrar lausnir koma til álita, s.s. að kaupa eða leigja annað húsnæði á staðnum og selja þá núverandi bústað. Æskilegt er í þessu sambandi að biskupafundur ræði framtíðarskipulag þjónustunnar á svæðinu.
- b. Prestbústaðurinn Holti í Önuðarfirði
  - i. Kostnaðarsamra endurbóta er þörf. Framkvæmdastjóri reifaði þá hugmynd að afmarka sérstaka lóð fyrir húsið, gera lóðarleigusamning og selja það síðan í því ástandi sem það er. Málið verður áfram til umræðu.
- c. Rekstraryfirlit janúar – apríl 2024
  - i. BG lagði fram og kynnti rekstraryfirlit Þjóðkirkjunnar fyrir janúar til apríl 2024, þ.e. rekstraáætlun og rauntölur fyrir fyrsta ársfjórðung.

##### **2. Borgartún 26, Reykjavík**

- a. BG upplýsti að starfsemi þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar muni fljótlega flytja í Borgartún 26, 5. hæð, Reykjavík en verið er að leggja lokahönd á endurbætur.

##### **3. Starfsreglur stjórnar**

- a. RV, AG og ÁH höfðu farið yfir drög að starfsreglum fyrir stjórn Þjóðkirkjunnar. Samþykkt var tillaga stjórnarformanns um að þau myndu hittast aftur og þá með dr. Bjarna Snæbirni Jónssyni, ráðgjafa, sem hefur komið að gerð draganna. Fjallað verður ítarlega um drög að starfsreglum á næsta fundi og þá aðfengnum athugasemdum annarra stjórnarmanna. Kveða þarf

á um trúnaðarbók stjórnar og ræða þarf hvort fjalla eigi um undirnefndir sem stjórn geti skipað. Endanlegar tillögur stjórnar munu væntanlega fá umfjöllun löggjafarnefndar kirkjubings.

#### 4. Önnur mál

##### a. Erindisbréf stjórnar Skálholts

- i. Rætt var um erindisbréf stjórnar Skálholts sem þarfnast endurskoðunar. Kirkjubing kys stjórnina en leiða þarf í ljós hver gefi erindisbréf út.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá og stefnt á fyrstu vikuna í júlí og þá með nýjum biskupi Íslands. Þar næsti fundur verði í lok ágúst að afloknum sumarleyfum. Lagt var til að stjórnarfundir verði síðan eftirleiðis þriðja þriðjudag hvers mánaðar að jafnaði.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 12:01.